FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Fatasaumur
Námsgrein:	Fatasaumur
Viðfangsefni:	Grunnsnið, hönnun og útfærsla
Skammstöfun:	SAUM1GH05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Nemendur læra vinnuferli við fatasaum, taka upp snið, sníða og sauma 2-3 flíkur. Fjallað er um mismunandi gerðir efna og hvernig þau haga sér í flíkum. Saumað er með beinsaumsvél og overlock vél.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • orðaforða greinarinnar • grunnatriðum í saumatækni • líkamsmálum og stærðatöflum • efnisþörf út frá sniðum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota skýringamyndir og vinnulýsingar • nota mismunandi saumavélar • taka mál og færa yfir á snið • sníða efni í flíkur
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • setja saman og fullvinna flíkur eftir tilbúnum sniðum • velja efni sem hæfir sniði og flík • meta og nota viðeigandi stillingar á saumavélum eftir efni og sniði
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.